

## Reglur Dalvíkurbyggðar um tímabundna niðurfellingu gatnagerðargjalda. Málsnúmer: 201701040.

### 1. gr. Almennt

Í 6. gr. Samþykktar um gatnagerðargjald í þéttbýli sveitarfélagsins Dalvíkurbyggðar, nr. 704 frá 17. júlí 2007, segir um sérstaka lækkunarheimild eða niðurfellingu gatnagerðargjalda, sbr. 6. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006, að hana megi viðhafa við: „Sérstakar ástæður, t.d. þétting byggðar, atvinnuuppbygging, lítil ásókn í lóðir eða eftirspurn eftir leiguhúsnæði.”

### 2. gr. Markmið og gildissvið

Markmið reglna þessara er að ýta undir nýbyggingar í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn vonast til þess að tímabundin niðurfelling gatnagerðargjalda örvi eftirspurn eftir þegar tilbúnum lóðum, leiði til aukins framboðs á íbúðarhúsnæði, bæði til eignar og leigu, og þéttingu byggðar. Jafnframt er markmið sveitarstjórnar að stuðla að frekari atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn hefur meðal annars til hliðsjónar Húsnæðisáætlun Dalvíkurbyggðar og Atvinnustefnu Dalvíkurbyggðar.

Í samræmi við þetta samþykkir sveitarstjórn að beita tímabundið ákvæði 1. mgr. 6.gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006 og að fella tímabundið niður gatnagerðargjöld af byggingum einstaklinga og fyrirtækja á þegar tilbúnum lóðum við þegar tilbúna götur til byggingar íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis.

### 3. gr. Skilyrði

Sækja þarf sérstaklega um þessa niðurfellingu á til þess gerðu eyðublaði á heimasíðu sveitarfélagsins.

Framkvæmdir skulu hefjast innan gildistíma þessara reglna.

Niðurfelling gatnagerðargjalda nær til þegar tilbúinna lóða við þegar tilbúna götur sem auglýstar eru lausar til umsóknar á heimasíðu sveitarfélagsins á gildistíma reglnanna. Sjá nú (meðfylgjandi fylgiskjal I):

<https://www.dalvikurbyggd.is/is/thjonusta/skipulags-og-byggingarmal/lausar/ibudalodir>  
<https://www.dalvikurbyggd.is/is/moya/page/idnadarlodir>

Þannig nær niðurfelling gatnagerðargjalda ekki til lóða, auglýstar eða ekki, ef þær eru ekki tilbúna við þegar tilbúna götu. Ef sveitarfélagið þarf að leggja í kostnað við gerð lóða, nýrra gatna, nýrra svæða og/eða nýs skipulags þá gilda þessar reglur ekki um þær lóðir.

Lóðarhafi greiðir öll önnur gjöld þar með talið tengigjöld hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu.

#### **4. gr. Staðfestingargjald**

Umsækjandi lóðar greiðir staðfestingargjald vegna lóðarumsóknar samkvæmt gildandi gjaldskrá byggingafulltrúa.

#### **5. gr. Heimild til afturköllunar lóðarúthlutunar**

Um heimild til afturköllunar lóðar vísast til almennra skilmála Dalvíkurbyggðar um lóðaúthlutun og lóðagjöld, samþykkt í sveitarstjórn 28. október 2014.

#### **6. gr. Gildistaka**

Tímabundin niðurfelling gatnagerðargjalda og reglur þessar eru settar eru á grundvelli 6. gr. laga nr. 153/2006 um gatnagerðargjald og taka gildi frá og með 1.1. 2021. Reglurnar gilda til og með 31.12.2022 og eru ekki afturvirkar.

***Samþykkt á 970. fundi byggðaráðs þann 10.12.2020.***  
***Samþykkt á 330. fundi sveitarstjórnar þann 15.12.2020.***

#### ***Breytingar á 3. grein:***

***Samþykkt á 983. fundi byggðaráðs þann 29.04.2021.***  
***Samþykkt á 336. fundi sveitarstjórnar þann 12.05.2021.***

## Fylgiskjal I

### Íbúðalóðir

Dalvík:

Sem stendur eru eftirfarandi lóðir lausar til umsóknar í Hólahverfi á Dalvík.

- Skógarhólar 8
- Skógarhólar 11

Í Túnahverfi eru eftirfarandi lóðir lausar:

- Miðtún 2
- Hringtún 10
- Hringtún 23
- Hringtún 26
- Hringtún 28
- Hringtún 34
- Hringtún 36
- Hringtún 42-48 (lóð fyrir raðhús)
- Lóðir við Mýrarveg

Vinsamlega smellið [hér til að sjá nánari teikningu af svæðum Hóla- og Túnahverfis.](#)

Við Böggvisbraut eru eftirfarandi lóðir lausar:

- Böggvisbraut 14

Við Karlsbraut eru eftirfarandi lóðir lausar:

- Karlsbraut 3

Við Skíðabraut eru eftirfarandi lóðir lausar:

- Skíðabraut 3

Hauganes:

- Ásholt 7
- Lyngholt 4
- Lyngholt 6
- Lyngholt 7
- Lyngholt 8
- Klapparstígur 4
- Klapparstígur 6
- Klapparstígur 8
- Klapparstígur 9
- Klapparstígur 10
- Klapparstígur 18

Árskógssandur

- Aðalbraut 10
- Aðalbraut 16
- Ölduata 2
- Öldugata 8
- Ægisgata 1

Svarfaðardalur:

- Laugahlíð - Lóð B
- Laugahlíð - Lóð E
- Laugahlíð - Lóð F

[Skipulagsmynd af Laugahlíð](#) - Gott að stækka vel

## **Iðnaðarlóðir**

Dalvík:

- Lóðir við Sandskeið

[Deiliskipulag hafnarsvæðisins á Dalvík](#)

Árskógssandur:

- Hafnargata 2
- Hafnargata 4
- Hafnargata 6
- Öldugata 33
- Öldugata 35
- Öldugata 37

[Deiliskipulag athafna-, verslunar-, þjónustu- og íbúðarsvæðis á Árskógssandi](#)

Hauganes:

- Hafnargata 6A



DALVÍKURBYGGÐ

 **VIRÐING**  
 **JÁKVÆÐNI**  
 **METNAÐUR**

---